



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 2. mars 2021 kl. 18:00

### Mætt:

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurbergur Eiríksson (SE), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Fylkir Jónsson (FJ), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

### Fjarverandi:

BH ritaði fundargerð.

---

### 1. Ársþing 2021

Farið yfir áætlun um framkvæmd ársþings 2021.

Lagabreytingatillögur stjórnar unnar og undirbúnar til framlagningar.

Endurskoðaðar reglugerðir um keppnisráð, öryggisráð og regluráð yfirfarnar og samþykktar til birtingar með lagabreytingatillögum fyrir ársþing 2021.

### 2. Styrktarumsóknir

Fjallað um fram komnar umsóknir. Ákveðið að styrkja verkefni AÍFS, BS og BÍKR um kr. 750.000 til kaupa á tímatökubúnaði fyrir Rally.

### 3. Umsókn um Hill Rally 6. - 8. ágúst

Kvartmíluklúbburinn í samvinnu við Ian Sykes sækir um Hill Rally keppni 6. - 8. ágúst 2021.

Stjórn AKÍS samþykkir beiðnina og keppnin verður skráð á keppnisdagatal 2021.

### 4. Tryggingamál

Fjallað um mögulega tryggingavernd frá TM sem unnið er að nánari útfærslu á. Í þessu myndi felast trygging fyrir öll keppnistæki. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir.

Tillaga kom fram um að AKÍS ráði ráðgjafa til að koma að borðinu með stjórnarmönnum í vinnu við tryggingamál akstursíprótta. Tillagan var samþykkt og formaður leggur fyrir stjórn tillögu að slíku fyrirkomulagi.

### 5. Önnur mál

- a. Tryggt verður að öryggisbúraúttektir gangi áfram eins vel og kostur er nú þegar starf framkvæmdastjóra er á höndum formanns.

### 6. Næsti fundur

Zoom þriðjudaginn 16. mars 2021 kl. 18:00.

**Fundi slitið kl. 19:52**